

## 9. gr.

Auglýsingakostnaður og önnur bein útgjöld vegna sjóðsins greiðist af vaxtatekjum. Svo og er heimilt af vaxtatekjum eða stofnfé að kaupa óselt upplag af „Aldarminningu og niðjatali“ (sbr. 1. gr.) og gefa út sem viðauka við það æviminningu Guðmundar Stefánssonar, sem núverandi höfuðstóll sjóðsins er að langmestu leyti kominn frá.

145

11. okt.

## 10. gr.

Styrkveitinga skal getið í sýslufundargerðum, sem annarra álykta nefndarinnar. Þar skal og birta breytingar, sem gerðar kunna að verða á skipulagsskrá þessari. Niðurstöður reikninga sjóðsins skulu árlega birtir í sýslufundargerð.

## 11. gr.

Að fimmtíu árum liðnum frá staðfestingu skipulagsskrár þessarar er sýslunefnd heimilt, með samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda, að gera breytingar á 6. grein hennar.

## 12. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, þegar hún hefur hlotið staðfestingu forseta Íslands.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 37 frá 20. febrúar 1946.

Samþykkur f. h. sýslunefndar Suður-Múlasýslu.

Seyðisfirði, 24. júlí 1961.

Erlendur Björnsson.

## REGLUR

um gjald fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi í barnaskólum.

146

16. okt.

## 1. gr.

Heimilt er, að fengnum tillögum viðkomandi skólastjóra, að greiða kennurum í barnaskólum sérstaka þóknun fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi fyrir þann nemendafjölda, sem kennari kennir umfram 20 nemendum aðra hvora námsgreinina, en umfram 10 kenni hann þær báðar.

Hliðstæð og hlutfallsleg regla gildir fyrir kennara, sem kenna erlend mál.

## 2. gr.

Þóknun á viku samkvæmt 1. gr. verði sem hér segir:

- a. Vegna móðurmálskennslu kr. 1.75 fyrir hvern nemanda.
  - b. Kr. 0.90 fyrir hvern nemanda vegna reikningskennslu.
- Sé kennt erlent mál í barnaskóla, greiðist kr. 1.20 vegna hvers nemanda.

146

3. gr.

16. okt. Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 38. gr. laga nr. 48/1946, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 92/1956, og gilda frá 1. september 1961.

*Menntamálaráðuneytið, 16. október 1961.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

147

## REGLUGERÐ

16. okt.

um breyting á reglugerð nr. 273 30. desember 1950 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Við VIII. kafla reglugerðarinnar komi ný grein, 26. gr. A, svohljóðandi:  
Öll fúkalyf, sem ætluð eru til notkunar í júgur á kúm, skulu árituð með svofelldum aðvörunarorðum með bláum bókstöfum á hvítum grunni: Eftir notkun þessa lyfs er mjólkinn óhæf til manneidis í næstu fjóra sólarhringa.

2. gr.

Í stað orðanna „Súlfónamíð- eða pensilínsmyrslí“ í XVI. kafla 40. gr. 1-lið reglugerðarinnar komi orðið „súlfónamíðsmyrslí“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1961.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

148

## REGLUGERÐ

24. okt.

fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir alla Heimaey.

2. gr.

Bæjarráð Vestmannaeyja fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Vestmannaeyjakaupstaðar. Bæjarverkfræðingur Vestmannaeyja annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Vestmannaeyja hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.